

Ferlisritun: YFIRLESTUR

(editing)

Aldurshópur

Öll stig grunnskólans

Um yfirlestur


Fjórði hluti ferlisritunar snýr að því að gera textann tilbúinn til birtingar en það felur í sér athugun á stafsetningu, málfræði, skrift og/eða uppsetningu. Þessi hluti kemur í beinu framhaldi af umrituninni þar sem fengist var við innihald textans.

Þegar yfirlestur er kenndur er gott að notast við gátlista sem þjóna þeim tilgangi að nemendur hafi verkfæri eða hækjur til að styðjast við. Vel mögulegt er að kenna ungum nemendum yfirlestur og í raun afskaplega gagnlegt að venja nemendur við vönduð vinnubrögð í ritun frá unga aldri. Gátlista, eða atriði á þá, ætti alltaf að velja út frá þeirri færni sem nemandi þarf að þjálfra hverju sinni. Kennari þarf því að fylgjast vel með þróun ritunar hjá hverjum nemanda og skrá niður þannig að auðvelt sé að velja færniþætti inn í gátlista.

Ritunarsamtal rithöfundar og kennara í kjölfar yfirlestrar er gagnlegt en ekki er alltaf tími fyrir slíkt og því rétt að benda á útfærsluna „Yfirlestur með félag“ sem er útskýrð seinna. Kennarar ættu alltaf að stefna að því að gera nemendur sjálfstæða í ritun og áherslur í ritunarsamtölum eiga því að vera þær að byggja nemandann upp og leggja áherslu á það sem vel er gert. Gamla reglan, hrós í byrjun, leiðbeiningar um það sem betur má gera þar á eftir og enda á hrósi, á vel við. Eins er góð þumalputtaregla að leiðbeina einungis um eitt eða tvö atriði í hverju ritunarsamtali. Frekari upplýsingar varðandi ritunarsamtöl má finna í textanum um *Sjálfstæða ritun* og *ritunarsamtöl* undir *Ritunarsmiðjur* hér á *Læsisvefnum*.

Markmið

- Að gera nemendur meðvitaða um rétta málfræði og stafsetningu.
- Að kenna nemendum vönduð vinnubrögð varðandi skrift, frágang og uppsetningu.
- Að efla sjálfstæði nemenda við frágang lokaafurðar.



Fyrirmæli til nemenda

1. Þegar þú hefur lokið umritun og ert sátt(ur) við innihald textans sækir þú þér gátlista v. yfirllesturs.
2. Ef þú hefur ritað textann þinn í tölvu velur þú um að prenta textann út til að yfirfara hann eða lesa hann yfir á tölvuskjánum. Þú ættir að prófa báðar aðferðir svo þú vitir hvor hentar þér betur.
3. Athugaðu fyrsta atriðið á gátlistanum og lestu síðan yfir textann sem þú skrifaðir með einungis það atriði í huga. Leiðréttu það sem þarf jafnóðum og þú tekur eftir „villunum“.
4. Gerðu eins með önnur atriði gátlistans; athugaðu eitt atriði í einu. Þetta kann að virðast tímafrekt í byrjun en með hverri endurtekningu verður þú fljótari.
5. Ef þú varst með textann handskrifaðan og þurftir að leiðrétta nokkrum sinnum er mjög líklegt að þú þurfir að hreinskrifa textann nú þegar þú hefur lokið yfirllestri. Þeir sem eru með textann í tölvu prenta hann út eða afrita þangað sem hann á að birtast.

Hvetjið nemendur til að nota orðabækur, leiðréttingarforrit eða önnur gagnleg hjálpartæki.

Útfærsla

Yfirllestur með félagi

Yfirllestur félaga er góð leið til að stuðla að því að nemendur hjálpi hvor öðrum og ekki síður til að ræða saman um ritun, málfar og stafsetningu. Félagi fær gátlista frá kennara til að nota við yfirllesturinn og tíma til að lesa yfir textann og merkja við á gátlistanum. Í beinu framhaldi er ritunarsamtal hjá textahöfundum og yfirlesara. Textahöfundur ákveður og gefur yfirlesara leiðbeiningar um hvort hann vilji athugasemdir skrifaðar beint í textann eða einungis fá þær í ritunarsamtalinu. Gagnlegt getur reynst að útskýra fyrir nemendum að yfirlesari er „ráðgefandi“ en textahöfundur hefur ætíð lokaorðið.

Yfirllestur

Notaðu þennan gátlista til að hjálpa þér við að yfirlfara textann þinn og athuga hvort hann sé tilbúinn til birtingar.

Merktu við með um leið og þú ert búin(n) að fara yfir hvert atriði.

Það má líka setja 😊 eða ☹️ eftir því sem við á.

- Allir stafirnir mínir sitja á línum.
- Ég geri alltaf brodda og depla yfir stöfum.
- Ég hef gott bil á milli orða.
- Ég nota stóran staf í upphafi málsgreina.
- Ég nota punkt í lok málsgreina.



Yfirllestur

Notaðu þennan gátlista til að hjálpa þér við að yfirfara textann þinn og athuga hvort hann sé tilbúinn til birtingar.

Merktu við með um leið og þú ert búin(n) að fara yfir hvert atriði.

Það má líka setja 😊 eða ☹️ eftir því sem við á.

<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____




Yfirllestur

Notaðu þennan gátlista til að hjálpa þér við að yfirlfara textann þinn og athuga hvort hann sé tilbúinn til birtingar.

Merktu við með um leið og þú ert búin(n) að lagfæra hvert atriði.

- Ég notaði villupúka og lagaði stafsetningu.
- Ég setti inn greinarskil þar sem viðfangsefni textans breyttist.
- Efnisyfirlit og kaflaheiti passa saman.
- Ég athugaði hvort spássía væri rétt.
- Línubil er rétt.
- Forsíða er eins og hún á að vera.
- Heimildaskrá fylgir og er rétt upp sett.



Yfirllestur

Notaðu þennan gátlista til að hjálpa þér við að yfirfara textann þinn og athuga hvort hann sé tilbúinn til birtingar.

Merktu við með um leið og þú ert búin(n) að lagfæra hvert atriði.

<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____

